

**GJALDSKRÁ**  
**fyrir fráveitu á veitusvæði**  
**Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu, Reykjavíkurborg.**

Félagsfundur Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu hefur samþykkt eftirfarandi gjaldskrá fyrir fráveitu og birtir hana í umboði borgarráðs:

1. gr.  
*Álögð fráveitugjöld.*

Sveitarfélag	Fast gjald kr./matseiningu	Breytilegt gjald kr./fermetra
Veitusvæði I - Reykjavík	10.567	407,87

Heimilt er að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum þar sem tenging er fyrir hendi við mörk fasteignar. Fráveitugjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignamati. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign.

Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum vegna álagningaráinnar.

Heimilt er að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennslu frá gjaldskyldum aðila er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða fráveitunnar, svo sem sértækrar hreinsunar eða breytinga í kerfinu. Er þá innheimtur raunkostnaður sem hlýst af viðkomandi aðgerð.

2. gr.  
*Tengigjöld.*

Svæði	Tengigjald <sup>1</sup>	Grunnur
Norðlingaholt	358.378	kr./lóð
Úlfarsárdalur (1. og 2. áfangi)	409.020	kr./lóð
Reynisvatnsás	409.020	kr./lóð
Svæði sunnan Sléttuvegar	409.020	kr./lóð

<sup>1</sup> Verð miðast við tvöfalda 150 mm tengingu við lóðarmörk.

Tengigjöld fyrir stakar lóðir í öðrum hverfum en tilgreind eru hér fyrir ofan taka mið af gerð, lengd og stærð tengingar. Lóðarhafi ber raunkostnað af tengingu við virkt fráveitukerfi. Hafi lóðarhafi eða verktaki á hans vegum lagt tengingu undir eftirliti Orkuveitunnar greiðir hann fyrir tengistút við safnkerfi kr. 78.399.

Tengigjöldin miðast við byggingarvísitölu desember 2017 og uppfærast 1. hvers mánaðar miðað við þá vísitölu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og reglugerð um fráveitur sveitarfélaga nr. 982/2010 öðlast gildi 1. janúar 2018. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1122/2016.

*Reykjavík, 6. desember 2017.*

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu sf.,

**Inga Dóra Hrólfssdóttir.**